



Mennta- og barnamálaráðuneytið  
Borgartúni 33  
105 Reykjavík

b.t. Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar  
[mrn@mrn.is](mailto:mrn@mrn.is)  
Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 19. apríl 2024

**Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um endurskoðun greinasviða aðalnámskrá grunnskóla, nr. S-89/2024**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) og aðildarsamtök þess, Samtök menntatæknifyrirtækja (hér eftir „IEI“), hafa tekið til umsagnar endurskoðun greinasviða aðalnámskrá grunnskóla, nr. S-89/2024, sem birt var á samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 22. mars 2024. Endurskoðunin felur í sér breytingar m.a. að fyrirliggjandi drög innihalda þrjá kafla innan hverrar námsgreinar og kafli um menntagildi og megintilgang hefur verið samræmdur í lengd og innihaldi milli allra námssviða. Hvert hæfniviðmið hefur fengið yfirheiti sem gefur til kynna innihald og áhersluatriði þess.

SI og IEI fagna breytingum á námskrá og þá sérstaklega að forritun sé tekin inn í námskrá grunnskóla og kennsla í raun- og tæknigreinum verði eflað. SI og IEI vilja benda á nauðsyn þess að tryggja aðgengi að fjölbreyttum og gagnvirkum námsgögnum á mismunandi formi fyrir ólíkan aldur ásamt jöfnu aðgengi að slíku efni óháð búsetu með það að markmiði að mæta hæfniviðmiðum.

SI og IEI fagna þeim breytingum sem hafa verið gerð á hæfniviðmiðum námssviða og námsgreina og matsviðmiðum fyrir 10., 7. og 4. bekk. Þá sérstaklega áformum um að nýsköpun, forritun og upplýsingatækni verði samþætt skólastarfinu. Jafnframt aukinni áherslu á stuðning við nýsköpun og útgáfustarfsemi sem tekur mið af örri tækniþróun og samfélagsbreytingum.

SI og IEI telja að betra væri ef skýrt kæmi fram í aðalnámskrá að upplýsingatæknimenntun barna sé árangursríkust sé hún nýtt sem tól inn í flest greinarsvið. Tækni er hluti af flestum þáttum lífsins í nútímasamfélagi og því ætti að nýta tækni í skólastarfi með sama hætti. Tæknina skal þó ekki nýta tækninnar vegna heldur með skipulögðum og markvissum hætti þar sem tæknin getur komið til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda eða hagrætt og bætt starf kennara eða annarra starfsmanna skóla.

Á Íslandi starfa í dag um fimmtán fjölbreytt menntatæknifyrirtæki sem sérhæfa sig í námsgagnagerð. Má þar annars vegar nefna útgáfu sem snertir bókmenntir og stöðu íslenskrar



tungu og hins vegar skilvirkara og nútímalegra form. Fagna samtökin þeim skrefum sem tekin eru með þessari endurskoðun sem eykur þörf skólasamfélagsins á nýskapandi lausnum, sem kemur Íslandi nær því sem við sjáum í nágrannalöndum okkar.

Þó breytingar á námskránni lofi góðu verður enginn ávinningur inn í skólakerfinu nema að tryggt verði að allir skólar hafi getu og hæfni til að koma til móts við breytingarnar. Innleiðing og eftirfylgni skiptir þar höfuðmáli. Tryggja þarf að skólar mæti þeim hæfnikröfum sem þeim ber að uppfylla. Að gefnu tilefni vilja SI og IEI sérstaklega nefna að tryggja þurfi að;


- Skólar fylgi viðmiðum um náttúruvísindi, raungreinar, list- tækni og verkgreinar á hverjum tíma.
- Að nýsköpun nái inn í skólana og gæðastaðlar í innra mati séu innleiddir.
- Að samfella verður að vera í námi úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla og aukin áhersla lögð á sameiginlegan námsgrunn sem nýtist bæði í iðn-, tækni- og bóknámi.

Í þessu samhengi er nauðsynlegt að benda á að ofangreindum þáttum verður ekki komið við nema að komið verði á móts við aðstöðumun milli skóla, þá sérstaklega er kemur að nauðsynlegum tækjakosti fyrir upplýsingatækni, raungreinar, náttúruvísindi og list- og verkgreinar. Jafnframt er mikilvægt að tryggja aukin tækifæri til símenntunar og námskeiðsframboð fyrir kennara vegna aukinnar tækniþróunar á alþjóðavísu. Án þessa verður að teljast ólíklegt að skólakerfið nái að standast kröfur samtímans og enn síður að skólakerfið mennti nemendur fyrir framtíðina.


Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri með fyrirvara um frekari athugasemdir á síðari stigum málsins. Samtökin vonast til þess að fá tækifæri til þess að gera nánari grein fyrir umsögn sinni.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins

  
Hulda Birna Kjærnestéð Baldursdóttir  
mennta- og mannauðsmálum SI

f.h. Samtaka menntatæknifyrirtækja

  
Íris E. Gísladóttir, formaður verkefnastjóri í